

**Nd.**

**112. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 30, 20. okt. 1905, um forkaupsrjett leiguliða o. fl.

Flutningsmenn: Jón Jónsson og Þorleifur Jónsson.

Á eftir síðustu málsgrein 1. greinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú gengur jarðeign, sem er í sjálfsábúð, kaupum og sölum, og gilda þá um forkaupsrjett á henni sömu ákvæði og um jarðeign, sem er í byggingu.

Á s t æ ð u r .

Rjett virðist, að komið sje í veg fyrir, að margar jarðir verði eign einstaks manns; jarðirnar þá betur komnar hjá sveitarfelaginu.